



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Guðjón Axel Guðjónsson
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03. mars 2006
Tilvísun: 2006020035
Bréfalykill: 30.1

Efni: Umsókn um virkjunarleyfi fyrir virkjunum í Fjarðará, Seyðisfirði; umsögn Orkustofnunar.

Vísað er til erindis iðnaðarráðuneytisins frá 19. febrúar 2006, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um umsókn Íslenskrar Orkuvirkjunar Seyðisfirði ehf., þar sem æst er rekstrar- og starfsleyfis fyrir tvær sjálfstæðar vatnsaflsvirkjanir við Fjarðará, annars vegar Gúlsvirkjun, allt að 3.400 kW og hins vegar Bjólfsvirkjun, allt að 6.400 kW. Eftirfarandi umsögn Orkustofnunar byggist á greinargerð umsækjanda með umsókn, *Virkjun Fjarðará í Seyðisfirði*, sem Íslensk Orkuvirkjun ehf hefur tekið saman. Í henni er auk tæknilegra upplýsinga um virkjun, samantekt rannsókna og athugana varðandi umhverfisáhrif og niðurstöður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 5. gr. rafokulaga (65/2003) og 4. gr. reglugerðar um framkvæmd þeirra (511/2003) skulu eftirfarandi upplýsingar og gögn fylgja umsókn um virkjanaleyfi:

1. Nafn umsækjanda, kennitala hans, heimilisfang og upplýsingar um rekstrarform.
2. Niðurstöður rannsókna á viðkomandi virkjunarkosti.
3. Lýsing á virkjuninni, þ.m.t. kort og upprættir sem sýna legu og tilhögun mannvirkja, helstu tölulegar upplýsingar um virkjunina og afmörkun virkjunarsvæðis.
4. Framkvæmdaáætlun, þ.m.t. um hvenær ætlunin er að hefja framkvæmdir, hvenær þeim á að vera lokið og hvenær rekstur virkjunar á að hefjast.
5. Fjárhagsáætlun vegna framkvæmdanna.
6. Samningur um tengingu við flutningskerfið eða dreifikerfi á viðkomandi svæði.
7. Upplýsingar um hvort fyrir liggja samkomulag við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald fyrir nýtingu viðkomandi auðlindar.
8. Upplýsingar um helstu umhverfisþætti virkjunar og áhrif hennar á viðkomandi orkulind, þ.m.t. nýtingu sem fyrir er á svæðinu, eftir því sem við á. Upplýsa skal hvort um matsskylda framkvæmd er að ræða samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ef svo er skal skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fylgja umsókninni svo og úrskurður umhverfisyfirvalda um mat á umhverfisáhrifum. Þá skal eftir því sem við á gera grein fyrir þeim mótvægisáðgerðum og öðrum ráðstöfunum sem ætlunin er að framkvæma vegna umhverfisáhrifa sem virkjunin hefur samkvæmt framlögðum gögnum.
9. Upplýsingar um þau leyfi sem umsækjandi telur sig þurfa að afla frá öðrum stjórnvöldum og hvort framkvæmdin samræmist gildandi skipulagi þar sem ætlunin er að reisa virkjunina.

Umsögn:

1. *Umsækjandi og eigandi:*
Umsækjandi og eigandi virkjunar er Íslensk Orkuvirkjun Seyðisfirði ehf. Kennitala: 531205-0730.
- 2-3. *Niðurstöður rannsókna á vatnafari og virkjunarkosti:*

Virkjanirnar byggja á miðlun í Heiðarvatni og annarri minni sem yrði mynduð í Þverá. Miðlunin í Heiðarvatni er 9 Gl stækkun á 2 Gl miðlun sem þar er nú þegar. Úr miðlun í Heiðarvatni er vatni veitt um farveg Fjarðarár, fyrst að jöfnunarlóni í farveginum og síðan að inntakslóni efri virkjunarinnar (Gúlsvirkjunar) á Efra Staf. Vatni frá Þverá er veitt með pípu að jöfnunarlóninu. Frá inntakslóni Gúlsvirkjunar er niðurgrafin aðrennslispípa, um 2.890 m löng að stöðvarhúsi á Neðra Staf. Frárennslí Gúlsvirkjunar er veitt í inntakslón Bjólfsvirkjunar við ármót Fjarðarár og Stafdalsár. Þaðan er vatni veitt um niðurgrafna aðrennslispípu, um 3.570 m langa að virkjun við Fjarðará skammt neðan núverandi virkjunar (Fjarðarselsvirkjun). Orkustofnun og síðar Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) og Vegagerðin hafa rekið síritandi vatnshæðarmáli í ánni frá 1970. Gögn úr þeim mælingum eru notuð til að reikna rennslisröð fyrir virkjun og ákvarða hve mikið vatn er til reiðu fyrir virkjun miðað við að tryggja tiltekið lágmarksrennslí fossa í Fjarðará. Lýsing á virkjun er greinargóð, studd uppdráttum.

4. *Framkvæmdir:*

Reiknað er með að framkvæmdir geti hafist þegar öll tilskilin leyfi liggja fyrir, og að þeim verði lokið í árslok 2007.

5. *Fjárhagsáætlun og kostnaður:*

Umsókninni fylgja hvorki kostnaðar- né rekstraráætlanir, nema hvað fram kemur að kostnaðaráætlun fyrir báðar virkjanirnar hljóðaði upp á um 1.000 m.kr. áður en gengið verður til lokahönnunar, og telur umsækjandi frekari upplýsingar viðkvæmar fyrir samkeppnisstöðu sína. Jafnframt vísar virkjunaraðili á Birki Þór Guðmundsson hjá Íslenskrí Orkuvirkjun ehf., ef leyfisgjafi óskar eftir aðgangi að þeim gögnum.

6. *Tengisamningur:*

Fyrir liggja undirritaður samningar við Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) um tengingu virkjananna við kerfi RARIK (undirritaðir 9.02.2006). Umsækjandi vekur athygli á því að í greinargerðinni og við áætlun um virkjun hefur verið gert ráð fyrir tiltekinni stærð virkjunar, en í umsókn virkjunaraðila er nokkru hærri aflsetning. Ástæðan að sögn umsækjanda er að endanleg hönnun liggur ekki fyrir, og áskilinn er réttur til að taka tillit til óska orkukaupanda. Ekki er gert ráð fyrir að orkugeta (framleiðsla) virkjunarinnar breytist í hlutfalli við hækkun afls, enda takmarka forsendur um rennslí fram hjá virkjun möguleika til að nýta aukið afl.

7. *Samningur um nýtingu lands og vatns:*

Fram kemur að virkjunin er að öllu leyti innan landareignar Seyðisfjarðarkaupstaðar, sem jafnframt er eigandi allra vatnsréttinda. Fyrir liggur samningur um vatns- og landréttindi, þar sem m.a. er kveðið á um endurgjald fyrir nýtingu auðlindarinnar. Viðkomandi aðilar hafa ennfremur komist að samkomulagi um aðgerðir til að tryggja vatnsból kaupstaðarins, og fram kemur að Heilbrigðiseftirlit Austurlands er þar með í ráðum.

8. *Umhverfis- og öryggisþættir virkjunarinnar:*

Framkvæmdaaðili lét meta hvort framkvæmdin væri matsskyld og lét gera ýmsar rannsóknir og athuganir í tengslum við það, og eru þær tíundaðar í greinargerðinni. Á grundvelli þeirra og umsagna sem Skipulagsstofnun leitaði eftir, varð niðurstaðan sú að ekki væri ástæða til að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, þau lögju ljós fyrir og væru ekki umtalsverð að teknu tilliti til mótvægisáðgerða, sem m.a. eru áætlanir framkvæmdaaðila um að tryggja lágmarksrennslí sumar (0,5 m³/s) og vetur (0,1 m³/s), og að virkjanirnar skertu ekki rennslí árinna að því marki að það breytti ásýnd fossa í Fjarðará umtalsvert. Þá vóg það verulega að áin mun halda sínum náttúrulegu rennslissveiflum lítið skertum. Gömlu virkjunina, Fjarðarselsvirkjun verður unnt að reka með óbreyttum hætti, en það hefur að því er best fæst séð verið borið undir eiganda hennar, RARIK.

Hönnunarforsendur fyrir stíflur eru við það miðaðar að þær þoli flóð með 1000 ára endurkomutíma. Í viðbótaupplýsingum sem Orkustofnun barst frá framkvæmdaaðila eru upplýsingar um hönnuði og eftirlitsaðila sem stofnunin telur uppfylla skilyrði 5. gr. reglugerðar.

9. *Leyfi frá öðrum stjórnvöldum:*

Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag, og telur framkvæmdaaðili að öll tilskilin leyfi liggja fyrir að undanskildu byggingar- og framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, og leyfum sem tengjast

búnaði á framkvæmdatíma (vinnubúðir o.þ.h.).

Niðurstaða:

Orkustofnun telur ekkert því til fyrirstöðu að veita leyfi fyrir viðkomandi virkjunum, Gúlsvirkjun með ástimpluðu afli allt að 3400 kW og Bjólfsvirkjun allt að 6.400 kW. Í virkjunarleyfi verði tryggt að framkvæmdaaðili haldi uppi áframhaldandi síritandi vatnshæðarmælingum á vatnasviði árinna, annars vegar til að tryggja samfellu í vatnsbúskaparþekkingu á svæðinu, og hins vegar til að hægt sé að ganga úr skugga um að þær forsendur um stýringu á rennsli til virkjunar standist og séu haldnar, sem niðurstöður um mat á umhverfisáhrifum byggja á. Síritandi rennslisgæfur mælir í Fjarðará er hinn eini á miðhluta Austfjarða, eða allt frá Berufirði að Vopnafirði, og því telur Orkustofnun verulega hagsmuni fólagna í að viðhalda mælingum í Fjarðará. Orkustofnun telur eðlilegt að framkvæmdaaðili leggi fram áætlun um mælakerfi, þ.á.m. kerfi til að fylgjast með vatnsborði í miðlunarlónum virkjunarinnar, sem þjóni ofangreindum markmiðum. Stofnunin hefur komið þessum sjónarmiðum á framfæri við framkvæmdaaðila.

Virðingarfyllst

Hákon Aðalsteinsson

Haukur Eggertsson